

Héraðsdómur Vesturlands

Dómur 29. desember 2022

Mál nr. E-85/2018:

Marta Þorsteinsdóttir

(Ólafur Björnsson lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Andri Andrason lögmaður)

Dómur

Mál þetta var höfðað 16. nóvember 2018 og tekið til dóms 16. desember 2022.

Stefnandi er Marta Þorsteinsdóttir, Sunnubraut 8, Búðardal.

Stefndi er íslenska ríkið, Vegmúla 3, Reykjavík.

Dómkröfur

Stefnandi krefst þess að felldur verði úr gildi, að hluta, úrskurður óbyggðanefndar frá 3. maí 2018 í máli nr. 2/2016, Haukadalshreppur og Miðdalshreppur austan Miðár, þess efnis að svokallaður Jörfamúli eða Jörfaafréttur séu þjóðlenda, þ.e. eftirtalin úrskurðarorð:

„Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Jörfaafréttir, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998: „Upphafspunktur er í upptökum Sléttadalsár á vatnaskilum sunnan Sléttadals. Þaðan ræður Sléttadalsá að ármótum hennar og Haukadalsár og þaðan ræður Haukadalsá að Þorleifsstaðagili. Þá ræður Þorleifsstaðagil að vatnaskilum vestan Haukadals og þaðan er vatnaskilum fylgt suður og svo austur að upphafspunkti í upptökum Sléttadalsár.“

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Jörfa í Dalabyggð, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í ám á svæðinu skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.“

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að enga þjóðlendu sé að finna á umþrættu svæði.

Loks krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið sé ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans en til vara að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

II

Atvik máls

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta skal óbyggðanefnd kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Með bréfi til fjármála- og efnahagsráðráðherra, dagsettu 17. september 2014, tilkynnti óbyggðanefnd þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar svæði 9, sbr. 8. gr., 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 11. gr., laga nr. 58/1998. Landsvæði þetta, hið ellefta í röðinni hjá óbyggðanefnd, tók til Dalabyggðar, Eyja- og Miklaholtshrepps, Helgafellssveitar, Stykkishólmsbæjar, Grundarfjarðarbæjar, Snæfellsbæjar, hluta Strandabyggðar (fyrrum Broddaneshrepps) hluta Húnaþings vestra (fyrrum Bæjarhrepps) og hluta Borgarbyggðar (fyrrum Kolbeinsstaðahrepps). Nefndin tilkynnti í september 2015 ákvörðun sína að skipta svæði 9 í þrennt. Landsvæðið 9A hjá óbyggðanefnd afmarkaðist svo hjá nefndinni:

Að norðanverðu afmarkast svæðið af mörkum Dalabyggðar við Reykhólahrepp og er þeim mörkum fylgt til norðausturs að mörkum fyrrum Broddaneshrepps. Að austan afmarkast svæðið af mörkum Dalabyggðar við fyrrum Broddaneshrepp og fyrrum Bæjarhrepp suður að mörkum Dalabyggðar og Borgarbyggðar. Er mörkum Dalabyggðar og Borgarbyggðar fylgt til vesturs að mörkum fyrrum Kolbeinsstaðahrepps. Er mörkum hans síðan fylgt vestur að mörkum fyrrum Skógarstrandahrepps og þeim svo fylgt til norðurs að hafi. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.

Fjármála- og efnahagsráðherra var upphaflega veittur frestur til 18. desember 2014 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða en sá frestur var framlengdur nokkrum sinnum, síðast til 8. febrúar 2016.

Kröfulýsingar stefnda um þjóðlendur á svæði 9A bárust óbyggðanefnd 8. febrúar 2016. Hinn 18. febrúar sama ár birtist tilkynning í Lögbirtingablaðinu um málsmeðferð á svæðinu og útdráttur úr þjóðlendukröfum stefnda ásamt uppdrætti í samræmi við ákvæði 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 og skorað á þá, sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem féll innan svæðisins, að lýsa kröfum sínum fyrir

óbyggðanefnd eigi síðar en 18. maí 2016. Sá frestur var framlengdur til 1. júlí 2016. Jafnframt kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð yrði þinglýst á fasteignir sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði. Kröfur stefnanda voru síðan gerðar aðgengilegar á skrifstofu sýslumannsins á Vesturlandi og skrifstofum Dalabyggðar og óbyggðanefndar sem og vefsíðu nefndarinnar.

Eftir að kröfur annarra en stefnda komu fram var gefið út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt og fram fór lögboðin kynning á kröfunum. Athugasemdafrestur var til 18. ágúst 2016. Engar athugasemdir bárust óbyggðanefnd fyrir lok frestsins. Óbyggðanefnd fjallaði um Haukadalshrepp og Miðdalshrepp austan Miðár, í máli nefndarinnar nr. 2/2016, en svæði það sem hér er til umfjöllunar, Stóra-Vatnhornsmúli, fellur þar undir.

Ekki er um það deilt að stefnandi höfðaði mál þetta innan þess frests sem gefinn er skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 58/1998.

Gengið var á vettvang 1. nóvember 2021.

III

Heimildum um ágreiningssvæði það sem hér er til umfjöllunar er ítarlega lýst í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2016 og þar vitnað til heimilda um svæðið.

Með kaupbréfi frá 12. apríl 1477 seldi Finnbogi Jónsson jörðina Jörfa í Haukadal. Í bréfinu kemur m.a. fram að

[...] ath tilskildum þeim afriettardal oc skogarparti sem greindri iorda iorfa hefer ath fornv fylgt. Sagdi finbogi halfkirk(i)u skyllid æ þratt nefndre jordu, [...] en ef jorfe. hamrar eda hornstader ganga af med logvm af fyr greindum jone þorkelssyne. þa skyld þratt nefndr finbogi giallda optnefndum ipne apr firir vestan haukadals skard adra jafndyra jord mote huerra þeirre sem af geinga ath laugum.

Samkvæmt vitnisburði tveggja manna frá 30. apríl 1513 var Sléttidalur seldur vegna landskuldar af Vatnshorni.

Hinn 27. júní 1516 seldi Magnús Björnsson hálfu jörðina Jörfa í skiptum fyrir jörð í Eyrarsveit. Í kaupbréfinu segir:

[...] magnus biornsson selldi þolleifi gamalelissyne jordina halfan jorfa j haukadal j uazhons kirkiu sokn fimtan c. ad dyrleika at skiptum husum og todum. med ollum þeim gognum og gædum sem greindri jördu halfri fylger og fyllgt hefer ad fornu og nyu og magnus vard fremst eigandi at. Enn hier j moti gaf þolleifur gamalelissun magnusi bjornssyni jordina kolgrafi er liggur j eyrarkirkiu sokn. Sextan c at dyrleika med ollum

gognum og gædum er greindri jordu fylger og fylgt hefer at fornu og nyu og þolleifur uard fremst eigandi at.

Rétt tveimur árum síðar var Magnús Björnsson dæmdur fyrir vangoldna reikninga af Jörfakirkju sem og það að vilja ekki ganga á landamerki afréttar kirkjunnar í Haukadal. Í dóminum er afréttur kirkjunnar í Haukadal nefndur og þar segir m.a.: „Eirnin hefdij magnus Biorsson Echij villiad aa landamerkj ganga. þeirar Afriettar sem kirk(i)an aa jorfa aa j haukadall og eckij til merkia seigia á fioll vpp vr bvfiar gangij.“

Getið er um Sléttadal í tveimur máldögum kirkjunnar að Jörfa frá 1523 en þeir voru síðar skrifaðir upp eftir kirkjubók á Jörfa í maí 1613. Í báðum máldögnum segir m.a. efnislega þótt ritað sé á mismunandi hátt: „Kirkian æ jaurfa er helgud Gudi. jungfru marie og helgum krossi. hun á halfan sliettadal. og allan haukadall j Tiu hundrada eign ad Gili þui sem næst er Saudafellzseli.“

Hinn 18. febrúar 1541 seldi Ormur Sturluson nokkrar jarðir í Haukadal og hálfan Sléttadal. Í maí sama ár gekk dómur um eignarhald á hálfri jörð Jörfa. Ormur Sturluson krafðist þess að kaup Þorleifs Gamalíelssonar á hálfri jörðinni af Guðlaugu Finnbogadóttur myndu ganga til baka en þrír aðilar vitnuðu um sölu Guðlaugar á jörðinni til Þorleifs á árinu 1540. Dæmt var að kaupin skyldu ganga til baka.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 segir m.a. um Jörfa: „Hálfkirkjan á afrjettarland þar fram á fjallinu, fyrir framan alla bæi; er þar skyldu upprekstur fyrir lömb úr Haukadal og mikinn part úr Miðdölum. Fjallatollar eiga að gjaldast, óákveðið hvað miklir. Geldst venjulega lamb i af rekstri, ef yfir xx lömb eru.“

Í sömu bók er m.a. ritað um Skarð með þessum hætti:

Átroðningur stór til skaða afrjettarpeningi. Af landinu legst til afrjettarbeitar nokkuð. Tolla hálfu tekur ábúandi á móti hinum, sem afrjettinn eiga. Ekkert hefur landsdrottinn þar af, eða neitt annað í því nafni. Rjettinni viðheldur ábúandi betalingslaust. [...] Í afrjettinni þar hjá, í þeim parti sem Jörfa hálfkirkju tilheyrir, er sagt verið skuli hafa í gamladaga bær, kallaður Þorleifsstader. Sjest þar ekkert til tófta eða girðinga; vita menn ei heldur neitt víst þar um. Kann ómögulegt að byggjast.

Í umfjöllun Jarðabókarinnar um Vatnshorn segir m.a.:

Kirkjan á eina jörð, Skinnþúfu, ut supra. Item á hún afrjettarland fyrir framan bæina í dalnum á fjallinu. Er þar skyldu upprekstur og goldnir

fjallatollar, ut supra um Jörfa hálfkirkju ítak. Jarðareigandi að Vatnshorni uppber fjallatolla.

Á manntalsþingi að Jörfa hinn 3. maí 1725 var upplesin lögfesting Einars Jónssonar á jörðina Jörva í Haukadal með öllum gögnum og gæðum. Í lögfestunni segir m.a.:

I annan mata lögfesti jeg eign halfkirkjunnar Jorva í Haukadal í Vatnshorns kirkjusókn, sem er halfan Sléttadal og allan Haukadal til yztu ummerkja er adrar jardir og menn eiga í móte vid mig, fram ad því gile, sem er næst Sauda manna felle sele [yfirstrikað orð] nu er kallad Þorleifsstadagil og ad fornu er greint x hndr. land – Svo og lögfesti jeg þann sama skogarpart sem fremst liggur í Reykjadal fram frá [illlæsilegt orð]stadaskóge – lögfesti jeg allar fyrgreindar eignir mínar og lönd [lönd, ofan línu] halfkirkjunnar á Jörva hér í dag ad ordfullu og logfullu og lögmáli rettu; fyrirbyð eg hverjum manni hedan af [hedan af, ofan línu] sér í ad nytja edur ad vinna edur gagnsemd af ad hafa, fyrir utan þá er skyldu upprekstur eiga á Skardsfjall, þeim sé þetta land heimilt til brukunar fyrir lömb sín og géldfé eptir fornri venju vili þeir logskilum uppi halda og kirkjunni og mér sannsynilega betala fyrir þetta sitt eignarland, þetta vitna jeg til allra þeirra sem ord min heyra. Lögfesta þessi var aftur upplesin að Jörfa 10. maí 1824.

Í tíu prófastsvisitasíum fyrir Stóra-Vatnshorn á árunum 1721 til 1866 kemur fram að kirkjan eigi hálfan Sléttadal og má ætla að hinn helmingurinn sé í eigu Jörfa en í greinargerð Orms Daðasonar um kirkjur, hálfkirkjur og bænahús í Dalasýslu frá 1744 segir að hálfkirkjan að Jörfa eigi hálfan Sléttadal.

Dómur um upprekstur á Skarðsafrétt í Haukadal var kveðinn upp í mars 1735. Í þeim dómi er vísað til eldri dóms um sama efni frá 18. maí 1644 og þá er til afrit af dómi um sama efni frá því í apríl 1755.

Afrit af dóminum frá 18. maí 1644 hefur varðveist og í því segir m.a.:

Anno 1644. þann 18da Maii ad Saudafelle dómsm(enn) tilnefnder af sýslumanninum Biarna Petrssyne um þ(ad) hvort upprekstrar skule vera á Skards-Fiall edr ecke, hvor á Hannes Eggertsson dóms beiddist vegna Guðmundar Hákonarsonar, Petr Þordarson, Magnus Einarsson, Jón Biörnsson, Gudmundr Biörnsson, Dade Gislason og Petr Einarsson. Kom fram í fyrstu ad upprekstrar hafe vered á Skardsfiall ádr úr þeim 3 sveitum Haukadal, Middölum og Laxárdal og ad so hafe vered samantekid umm Rekstrinn og Tollana ad reked hafe vered á Skardsfiall, Vatnshornsland og Jörva og Skards menn hafe teked tollana ad hálfu, enn Jörva menn og Vatnshorns menn hálfu tollana; enn þ(ei)r fra

Vatnshorne og Jörfa skyldu hafa (forte rectius ei hafa) gieldnaut sín í afrettinne. Avísar lögmálid, þar skule retter vera sem ad fornu hafe vered. Item R.B. E.K. Enn umm gieldfiárrekstra á vorum til afretta og fiallgaungr á haustum hvorn tíma fara skal; Þá giöre epter því, sem hreppstiórnarmenn giöra ráð fyrer og hvoriu bygdarlage hæfer. Því ad so prófudu og fyrer oss komnu dæmum vér med fullu dómsatqvæde ad rekstrar á þesse fiöll skule vera úr fyrrnefndum sveitum, epter því sem ádr vered hefr. Item tollr gialdest eptir því so sem sidarst þar umm giört var og aller þ(ei)r, sem þángad reka sitt fé, skule láta gánga á fiöllinn epter því, sem vane hefr til vered, madur af hvorium bæ, þann Fimtudag, sem næstr er Bartholomæus messu hvort hann er fyrer edr epter.

Í nefndum dómi frá apríl 1755 segir m.a.:

Þad er auglióst, so vel af dóme syslumannsins Biarna Petrssonar gengnum ad Saudafelle 1644 sem og af dóme syslumannsins Orms Dadasonar, gengnum ad Hvamme d. 22. Aprilis 1735 ad þeirra þriggia hreppa Laxárdals, Haukadals og Middala innbyggendur ega ei einasta skylduupprekstr á Skardsafrétt, heldr og so eru greindra hreppa innbyggendur í skyldr til ad reka uppá þá sömu afrétt. Þar fyrer epter ádr citerudum dómum, dæmest hér med og ályktast ad greindra hreppa: Laxárdals, Haukadals og Middala innbyggendur ad öllum tilskyldum, enn aungvum undanteknum, skulu hér epter vera skylduger til ad reka gielfé 100 sitt á Skardsafrétt, bæde lömb og eldra saudfé, nær, sem hreppstiórar þad á vorum tilskipa og samþickia. Skulu þeir sem á greinda afrétt reka ega reka fé sitt í midiann afrett. Sömuleides skulu greindra hreppa innbyggendur, einn og sér hvor bónde sem fé hefr á afréttinne vera skylduger til fiallgánga á haustum allt epter sem hreppstiórar þar umm samþickia og rádstafa og lög og retr tilhalda. Enn hvör sá sem hér út sýner nockra þriósku edr forsómun, skal sekr 6 aurum hálf k(on)ge, enn hálf þeim, sem næster búa. Enn þ(ei)r sem soleides eru skylduger til gieldfiár upprekstrs á Skardsafrétt, skulu betala til hlutadegenda veniulegann afrettartoll, enn þ(ei)r þar á móte, sem afrettartollinn taka, skulu vera skyldugr til med hreppsmanna og hreppstióra Tilstyrk og ráde ad hreinsa afréttina af melröckum. Eft þessu hafa vidkomendur sig ad retta under dómrofe og Lagasektar og álögur. Þesse alyktun er grundud á Landsleigub. 46 og 49. Cap.

Á héraðsþingi að Jörfa í Haukadal 4. apríl 1756 var tekið fyrir mál vegna upprekstrar úr Laxárdal, Haukadal og Miðdölum á Skarðsafrétt. Þar er vitnað til dómanna frá 1644 og 1735 þar sem bændur úr þessum sveitum voru skyldaðir til að nota nefnda afrétt.

Á héraðsþingi að Jörfa í Haukadal 15. september 1756 var Jóni Andréssyni á Fremri-Þorsteinsstöðum stefnt vegna ágreinings um það hvort honum hafi verið heimilt að reka fé sitt annað en á Skarðsafrétt. Niðurstaða málsins varð sú að Jón var dæmdur fyrir að hafa rekið fé sitt í utansveitarland en ekki á Skarðsafrétt. Við úrlausn málsins var vitnað til nefndra dóma frá 1644, 1735 og 1755 og sagt að Laxárdals-, Haukadals- og Miðdala- „... innbúendur eru ei einasta berettigede til þessarar oft nefndrar Skarðsafréttar, heldur og eru þeir skildugir til að reka á þá sömu.“

Dómarnir eru lesnir upp á manntalsþingi að Sauðafelli í maí 1757 og á manntalsþingi að Jörfa í júní sama ár tilkynnti sýslumaður að hann hefði sent hreppstjórum Laxárdalshrepps afréttardóma um Skarðsafrétt í þeim tilgangi að enginn gæti sig með vanvisku afsakað.

Á manntalsþingi á Jörfa í Haukadal 11. júní 1795 var tekið fyrir mál varðandi upprekstur á Skarðsafrétt. Í dóma- og þingbók var m.a. ritað:

Var talað um upprekstur á Skarðsafrétt og voru þá margir, sérdeilis landeigendurnir Jón Egilsson á Vatnshorni og Jón Jónsson á Melum sem vilja að Skarðsafrétt sé afsköffuð. Þó varð þar um síðir nokkuð endilegt, að með því það var allra sameiginlegt álit að Skarðs afréttarland sé aflátið fyrir allar þær 3. sveitir: Miðdali, Haukadal og Laxárdal. Skyldu Haukdælir einir eiga frjálsan upprekstur á Skarðsfjall; en úr hinum sveitunum aleina með leyfi og vitund landeiganda Jóns Egilssonar á Stóra-Vatnshorni og Jóns Jónssonar á Melum, eður hans umboðsmanns, sem býr á Skarði. Og að hvör sem reki, hvört heldur það er úr Haukadal eða Laxárdals- og Miðdaldasveitum, og ei í frí upprekstur, skuli gefa í lambatoll 1 gilt lamb af hvorjum 20 allt til 60, sem rekin eru; enn þeir sem reka 60 lömb eður fleiri betala 2 lömb í afréttartoll og afhendi hann strax í afréttinni til bóndans, sem býr á Skarði, sem fær helming lambatollanna, en gjörir Vatnshorns- og Jörvabændum hel skil fyrir öðrum helmingi lambatollanna. Skarðsbóndinn sem tekur helming lambatollanna, skal leita að melrakkagrenjum í afréttinni; en Haukdælingar og þeir, sem reka úr öðrum sveitum, skulu kosta uppá að láta vinna grenin.

Á manntalsþingi að Sauðafelli var lesið upp það sem ákveðið var varðandi Skarðsafrétt deginum áður.

Á manntalsþingi að Jörfa 5. maí árið 1797 var uppleið bann við því að reka á Pverdal, heldur skyldu menn reka á Skarðsafrétt og borga afréttartoll. Inntaki bannsins er ekki lýst nánar.

Varðveist hefur samþykkt um Skarðsafrétt sem sérfræðingar Þjóðskjalasafns Íslands telja vera frá seinni hluta 18. aldar. Þar er vikið að áður nefndum dómum frá 1644, 1735 og 1755 varðandi skyldu til upprekstrar á afréttina. Einnig má ráða af samþykktinni að Sléttárdalur sé á miðri afréttinni en þar segir:

...sidan skal hann reka þav i midjan afrett edr á þann sokallada Sliettadal ...“ Varðandi eignarhald á afréttarlandinu segir í samþykktinni að „Efter því sem mér hefr fyrer lavngu vered tilkint af kunnugum mönnum þá á Skard i Havkadal lited edr eckert af því afrettarlande sem adrsagder 3 hreppar ega med skyldu, þar fyrer skulu afrett[ar] Tollarner skiptazt i 3 stade, hvar af Vatnshornsbonde take einn part, Jorvabonde annan part og Skardsbonde þridja part. Fyrer þennan þridja part af afrettartollum mæter Skardsbonde átrodninge af fiallafenu, ...

Máldögum kirkjunnar á Jörfa var þinglýst 7. apríl 1810 en þar kemur fram að kirkjan eigi hálfan Sléttadal. Í máldaganum segir:

[...] h(ún) á hálfan Sléttadal og allann Haukadal í 10 hndr. eign ad gili þ(ví) er nærz er Saudafellsseli [...] Annar Maldagi [...] hún á allann Sléttadal og allann Haukadal í 10 hndr. eign ad gili þ(ví) s(em) er nærz Saudamannafellsseli. [...] Svofelldir [látandi ofan línu] máldag(ar) sem h(ér) f(yrir) ofan [...] standa ord ept(ir) ord sá eg og las á gamallri k(ir)kjubók á Jörva u(m) vorid Anno 1613 þann 22. dag Maii.

Hinn 26. febrúar 1833 ritaði Jón Sigurðsson á Skarði, sem þá hafði umsjón með upprekstri, leitum og réttinni á Skarði, bréf til sýslumanns. Í bréfinu kvartar Jón undan því að bændur reki ekki fé sitt á fjall eins og þeim sé skylt, greiði ekki tolla, sinni ekki skyldum sínum við leitir og þá sé réttin of lítil.

Í sýslu- og sóknarlýsingum fyrir Dalasýslu frá 1840 skrifar séra Bjarni Eggertsson um Kvennabrekkuprestakall. Í lýsingu Bjarna er m.a. eftirfarandi:

Austur fram úr Haukadalsendanum ganga ekki langir þrír óbyggðir dalir, sem heita norðast Svínadalur sem heyrir til Skarðs, svo þar suður af Sléttidalur sem er Stóra-Vatnshornskirkju eign, og syðst Haukadalur sem er almenningsland. Þessir dalir liggja allir að kalla frá útsuðri til landnorðurs. Þar austur af eru fjöll og dalir allt óbyggð og afréttarland, eru þar nærri ekki markverð fjöll nema sá svonefndi fjallshnúkur Tröllakirkja sem er há og sér af langt á alla vegu.

Hinn 24. október 1842 skrifar Magnús Arngrímsson hreppstjóri sýslumanni bréf og lýsir þar annmörkum sem hann telur vera á fjallskilareglugerð Dalasýslu frá 1809. Þar víkur hann m.a. að upprekstri á Skarðsafrétt með þessum orðum:

Fleiri orsaka Vegna er eg til knudur ad framm færa fyrir ydur umqvörtunar efni; ahrærandi Réttar höld og fleira þar ad lutandi hér i Sudur Parti Sysslunnar enn einkum sem mér er nu sem stendur í Jorva hrepp vid komandi, ad sönu liggur vid hrepps Pappirana hia mér Cóbbia af Amts Reglu giördinni, Daterud 13da Aug: 1809 um Réttar höld i Dála Sysslu og fleira þar ad lutandi, sem þo Vantar á ad sje eins fullkominn og eg hefi sjeð hana annars stadar, þvj éinginn viss réttar dagur er tiltekinn i henni hér um Dáli, nefnd Reglugiörd finst mér i sumum póstum ei so skilmerkileg eda vel utlistud sem vera þirdi, eda hagqvæm fyrir almenning; og Tel eg það first til hvad lög upprextur a Skards afrétt snertir þar sem Reglugiördinn til greinir, ad þar eigi upprextur Haukadalar, Partur af Laxárdal og Middölum, enn takmarkar ecki hvad mikill Partur af Sveitunum, hvad þeir sem fyrir fiallgaungum eiga ad Ráda þurfa þo ad vita, til þess þeir gæti reglulega til sagt þeim fiallskil a Haustum sem þangad eiga lög upprextur; og hinir sem fiallatolla eiga ad taka, meígi vita eptir þeim ad ganga hia þeim sem þangad eru skildugir ad reka;

Þá lýsir Magnús öðrum annörkum sem hann telur vera á reglugerðinni.

Í desember 1842 skrifaði Jón Jónsson, eigandi Skarðs í Haukadalsdal, amtmanni Vesturamts bréf varðandi upprekstur og fjallskil á Skarðsafrétt. Lýsir Jón því m.a. að honum standi á sama hvort fé sé rekið á afréttina að því gefnu að ekki sé heldur rekið á Villingadal. Þá segir í bréfinu:

Í tilliti til þess atvæðnings, sem afréttarfé er flangrar á Villíngadal, orsakar teðrar jarðar fjallandi, viljum við tilstanda ábúanda þar sinn eigin fjallatoll, þó hann reki á Skarðs afrétt, og 1 eða 2 aðra úr fyrteðum upprekstri, hvörra gjaldendum standi frítt fyrir að reka hvört heldur þeir vilja á Skarðs afrétt eða Villíngadal, fá þeir þartil teðrar jarðar ábúanda samþycki, en ei viljum við liða að fleiri reki á Villingadal framvegis, til þess fé þeirra gáangi á Skarðs afrétt, og sé reked til Skarðs réttar, og þar réttað og dreiged betalíngslaust.

Í júní 1843 var gerður samningur milli Skarðs og Villingadals um fjalltolla. Í júlí sama ár skrifaði nefndur Jón Jónsson, eigandi Skarðs, sýslumanninum í Dalasýslu bréf varðandi skiptingu á upprekstri og fjalltollum milli Skarðs og Villingadals.

Hinn 30. október 1844 setti sýslumaðurinn í Dalasýslu reglugerð fyrir Skarðsafrétt, um geldfjárupprekstur, grenjaleitir og dýraveiðar. Amtmaður Vesturamts staðfesti reglugerðina í lok desember sama ár. Í reglugerðinni segir m.a:

1. Sá partur Haukadals sem ei er lagður til Vatnsréttar eður Þverdals upprekstur, og hvar í eru 15 bæir ásamt þeim parti Miðdala er

Náhlíð nefnist og næst liggur Haukadal að sunnaverðu, að Stóraskógi undanskildum, skal einungis eiga skyldu og lög upprekstur fyrir gélðfé á Skarðsafrétt, enn engvir aðrir bæir eður sveitir.

2. Með tilliti til þess átroðnings, sem fjallafé gjörir Villíngadals ábúanda, hvör talsverð fjallönd á í nánd [leiðrétt úr: grend] við Skarðsafrétt, uppberi hann árlega 4 fjallatolla, með sínum eigin íreiknuðum, enn 6 ábúendum í ofantilgreindum bygðarlögum, hvará meðal Villíngadals ábúandi telst, standi frítt fyrir að reka gélðfé sitt á Villíngadal kjósi þeir það heldur enn á Skarðsafrétt, enn ekkert fleira fé, til þess að það gáangi á Skarðsafrétt réttist þar síðan og dragist betalíngslaust.

3. Hvað grenjaleitir og dýraveiðar í afréttinni árlega snertir, svo hefir Skarðs ábúandi þar um að annast útvega skyttu, senda eptir henni á eigin kostnað, samt láta vaka á greninu; hvarámóti Jörfa og Vatnshorns ábúendum, sem öðlast fjallatolla Skarðs afréttar að helmíngi, ber að lúka allann kostnað skyttunni, ásamt þeim er með henni á greninu liggur, þá þess viðþarf.

Jarðamat var gert fyrir Dalasýslu á árunum 1849-1850 og þar kemur fram að Jörvi eigi fjórðung Skarðsafréttar og þar kemur eftirfarandi fram:

Jörvi, 30h(undruð) með 5 kúgildum og 4 vætta landskuld og þykir mikid góður leigumáli. Túnid er lítid, en greidfært og gott, er hætt vid stór skemdum; engjar hægar, góðar og miklar, en skridu hætt. Hagbeit góð, og fremur hagasamt; vedra samt er hér mjög; torfrista góð, – Jörðin á fjórða part af svonefndri Skarðsafrétt, sem matsmenn meta 20r(íkis)d(ala) virði, en jörðina alla, að því medtöldu, til 600r(íkis)b(anka)d(ala).

Á manntalsþingi að Jörfa 26. maí 1852 voru lesin upp leyfisbréf frá eigendum Skarðsréttar frá 1834 og 1852 hvar þeir leyfa ábúanda Lækjarskógar upprekstur í Skarðsafrétt.

Sveitafundur var haldinn í Haukadalshreppi 21. febrúar 1863 og eftir fundinn ritaði hreppstjóri sýslumanni bréf og gerði grein fyrir fundinum. Í bréfinu kemur m.a. fram að eigendur Skarðsafréttar hafi krafist þess að allir sem átt höfðu upprekstur á afréttina héldu honum áfram og greiddu fjalltolla samkvæmt gildandi reglugerð.

Hinn 3. desember 1875 sendi hreppsnefnd sýslumanni bréf þar sem gerð var grein fyrir sveitarfundi í Haukadalshreppi. Í bréfinu segir m.a.:

Eptir ósk Sýslunemdarmannsinns í Haukadalshreppi, hjelt Hreppnemdinn þar fund með sér að Jörfa (þíngstað) og kallaði þángað Búendur bæa þeirra, sem hafa átt lög upprekstur á Haukadals Fjallönd,

til að víta um hvorjir af þeim vildu og þirtu að hafa þar upprekstur eptir leiðis, og hvar þeir mættu flestir utan þeir sem hafa feingid að undanfögnu leifi að reka á Vatnsfjall hjá Vatns ábúanda, var þá – 1. Kostnir 4ir til að meta, hvað mart fjé Jörfa, og Vatnshorns Land á afréttinni bæri, og varð álit þeirra það bæri 850 fjár og það Land sem Skarði tilheyrði, og ljéð irði til uppreksturs bæri 650 fjár – als 1500.

Landamerkjabréf fyrir Jörfa var gert 12. maí 1844 og því var þinglýst 27. maí 1885. Þar er Jörfaafrétt lýst sérstaklega og Jörvaspotta í Reykjadal. Bréfið er undirritað um samþykki af eigendum Saurstaða, „Sauðafellseignarinnar“ Villingadals og Leikskála sem og umsjónarmanni kirkjunnar á Stóra-Vatnshorni. Í bréfinu segir: „Að framanverðu milli Jörfa og Hamra ræður landamerkjum gilið fyrir utan Hamratún eptir sínum gamla farveg frá fjalli beint í Haukdalsá, hvor á ræður til þess Stóragils fellur í hana úr Gljúfrum nokkuð útá við til árinna. Gil þetta fellur næst Saurstöðum og ræður landamerkjum milli Jörfa og Saurstaða frá upptökum sínum í Þverfelli á fjalli uppi, svo eins og vötnum hallar til Hamragilsbotns. Ennfremur er landeign Jörfa Haukadalur frá Þorleifsstaðagili að vestanverður árinna eptir ummerkjum sem vötnum hallar af fjallsbrúninni suður til Sátu, þaðan eins og vötnum hallar af austurbrúninni yfir há Jörfamúla sem vötnum hallar í Sljettadalsdrögum að Sljettadalsá, sem ræður til Haukadalsár. Sömuleiðis er Jörfa eign svokallaður Jörfaspotti Grafar megin í Reykjadal í Miðdölum; ummerki hans er að neðan gil, sem aðskilur frá Kolstaðaspotta, að framan næsta gil.“

Í lok október 1899, óskuðu þrír bændur í Haukadalshreppi eftir því að amtmaðurinn í Vesturamti úrskurðaði um upprekstur í hreppnum. Töldu bændurnir, sem vildu kaupa beit fyrir búfénað sinn, að þeim væri gert að greiða tvo upprekstrartolla sem þeir sættu sig ekki við. Vildu þeir að amtmaður úrskurðaði um það hvort þeim væri heimilt að kaupa upprekstur hvar sem þeir vildu og um leið hvort þeim væri skylt að gjalda fjallatoll þangað sem þeir ekki rækju fé sitt þó svo að það væri gömul venja.

Hinn 4. mars 1900 ritaði Björn Bjarnason, sýslumaður í Dalasýslu, bréf til amtmanns vegna kæru frá bændum að Þorsteinsstöðum og Köldukinn í Haukadalshreppi vegna uppreksturs í Haukadalshreppi. Í bréfinu segir m.a.:

Fyrir allöngu var samkvæmt 8. gr. afrjettarreglugjörðarinnar metin upprekstrarlönd manna eða jarða í Haukadalshreppi, en síðan hefur ekki verið metið upp; var það þá álit matsmanna að ekki væri um upprekstrarlönd að ræða nema í Vatnslandi og Skarðslandi og á

afrijettarlöndum sem tilheyra Jorfa og Stóra Vatnshorni, en sjálfseignarbóndinn á Vatni hann var fjárríkur maður og bannaði upprekstur í Vatnslanð; var þá jafnað niður á Skarðsland Jörfa og St. Vatnshornsland öllu afrijettarfje hreppsins nema Vatnsfje; en þessi 3 lönd voru og eru nægileg fyrir allt afrijettarfje hreppsins. Síðar í bréfinu kemur fram að í sýslunni séu engir afriettir í almenningseign, heldur aðeins afriettir sem fylgja einstökum jörðum eins og Jörfa og Stóra-Vatnshornsafriettur í Haukadall. Með bréfi Björns fylgdi umsögn hans um upprekstur í Haukadalshreppi og þar segir: Samkvæmt afrijettarreglugjörð Dalasýslu 8. gr., sem jeg læt fylgja eptirrit af, er gjörður munur á afrijettarlöndum og nægilegum fjallöndum, fyrir sjálfa ábúendur jarðanna. Afrijettarlönd hljóta þá að vera fjallönd, sem annaðhvort ekki fylgja eða tilheyra nokkurri jörð og þá metin sjerstaklega til dýrleika, eða þá, ef þau eru látin fylgja jörð, þá liggja langt frá jörðinni, svo að þau verði ekki notuð nema til geldfjáruppreksturs.; þessi afskekktu lönd munu upphaflega hafa verið gefin til kirkna á bændaeignum eða þá hafa verið keypt fyrrum af sjálfseigna ábúendum jarðanna. Í Dalasýslu er engin afrijettarlönd sem eru almenningseign, þar í móti eru hjer fáein, sem fylgja (fáeinum) jörðum, og er þessum jörðum öllum þannig varið, að á þeim eru eða hafa verið kirkjur eða bænhús; svona varið afrijettarlönd eru hjer til í 3–4 hreppum. (Nægileg) fjallönd verð jeg þar á móti að álíta lönd þau, sem (liggja) skoða verður sem integrerandi hluta af jörðinni og samhangandi við hana og liggja upp til fjalla, og eru þau segir reglugjörðin er cuciterrie að ábúandinn meigi sjálfur nota þau til uppreksturs fyrir geldfje sitt ef það (fjallandið) verður álitid nægilegt um fram það sem þeir þurfa til búfjárs síns. En reglugjörðin leyfir ekki að þeir taki í þetta land upprekstarfje annara manna jafnvel þó að landrými kynni að leyfa þetta, þegar afrijettarlönd eru til í hreppnum. Þessa skoðun mína styður einnig 2. punktur greinarinnar, því að fjallöndin, sem fyrsti punkturinn talar um, hljóta sem mótsetning til afrijetta að teljast til heimalandanna í 2. punktinum. Að því er nú snjertir Haukadalshrepp, þá eru 2 afrijettir, Stóra Vatnshorns og Jörfa; þar að auki á Vatn og Skarð nokkuð fjalland, sem er nægilegt upprekstrarland fyrir bændurna á þessum bæjum, en lítill afgangur, þegar svo margt fje er á jörðum þessum sem slægjur og beit leyfir, þar á móti munu afrijettirnar geta tekið allt geldfje hreppsins. Af þessu leiðir, að bændurnir á Vatni og Skarði meiga hafa geldfje sitt í fjallöndum sínum enn meiga ekki taka annara upprekstrarfje í þau, en aðrir bændur eiga að reka á Vatnshorns- og Jörfaafrijett. Jeg skal enn geta þess, að nokkru eptir að reglugjörðin kom út, bjó sjálfseignarbóndi á Vatni að nafni Jón Bjarni Jónsson, fjárríkur maður; hreppsnefndin fer þá af misskilningi í 8. gr. Afrijettarreglugjörðarinnar (að því er ég álít) að jafna niður í lönd manna

gjeldfje hreppsins (eptir 2 punkt greinarinnar) og lýsti þá Jón Bjarni því yfir að hann tæki ekkert gjeldfje í Vatnsland, en nú um nokkur ár hafa bændur á Vatni haft fremur fátt fje, og hafa því viljað taka upprekstrarfé af öðrum og þar sem landið er gott, og Köldukinn aðeins greinir Vatnsland frá Þorsteinsstöðum, en Köldukinnar land liggur að Vatnslandi og aðeins á (Þverá) á milli þá hafa bændurnir á Þorsteinsstöðum og Köldukinn viljað reka þangað; en til skal taka það fram að það er ósatt sem stendur í kærinni að kærundur geti ekki notað upprekstur á afrjettina vegna vatnsfalla og vegalengdar því á leiðinni frá Þorsteinsstöðum í Köldukinn fram á afrjettina þarf ekki að fara yfir aðra á en Þverá, en yfir hana þarf að fara til þess að reka í Vatnsland og öll vegalengdin er ekki meiri en c. 1 ¾ míla. 126 Að endingu skal jeg taka það fram, að jeg skoði þessa Vatnshorns- og Jörfaafrjetti sem afrjetti, bæði af því þeir hafa alltaf verið kallaðir svo og af því að þeir liggja c. 1 mílu frá jörðunum sem þeir eru kendir við og fylgja – upp til fjalla fyrir ofan alla byggð í hreppnum og verði ekki notaðir til annars en uppreksturs framar en aðrir afjettir, og af því að ef þessi lönd ekki eru álitin afrjettir, þá eru allsengir afrjettir til hjer í sýslu, en það kemur í bága við 8 gr. reglugjörðarinnar.

Amtmaður svarar bréfi sýslumanns 20. mars 1900 en þar telur hann ágreininginn eiga undir dómstóla.

Í fasteignamati 1916-1918 segir m.a. um Jörfa: „Jarðnytjar [...] 4. Beitiland gott fyrir stórgripi, létt fyrir sauðfé, fremur þrönglent, næðingasamt, og snjólétt í norðanátt. 5. Upprekstrarland meir en nægilegt. [...] Ókostir [...] 4. Ágangur af afréttarfé og nágrannapeningi.“

Í desember 1919 spurðist sýslumaðurinn í Dalasýslu fyrir um almenninga og afréttarlönd í sýslunni. Hreppstjóri Haukadalshrepps svaraði bréfinu í júní 1920 og í svari hans segir m.a.: „... mjer er ekki kunnugt um að hjer í hreppi sjeu nein svæði til sem talin eru almenningar, eða afrjettarlönd sem ekki tilheira lögbýli.“ Svo segir: „Vitanlega eru hjer í hreppi 3 dalir sem eru daglega kallaðir afrjett, en heita þó sinu nafninu hver, og liggja undir sina jörðina hver, og eru þær þessar: Stóra Vatnshorn, Skarð og Jörvi. Jarðir þessar munu vera metnar til hundraðatala að meðtöldum dölum þessum og virðist mjer því að hjer sje ekki um neína afrjett að ræða.“

Um afrétti Jörfa og Vatnshorns segir svo í Árbók Ferðafélags Íslands frá árinu 1997:

Sunnan við Þorleifsstaðagil klofnar dalurinn enn um Jörfamúla sem nær 611 m hæð. Heldur vestari álman nafni Haukadals og nær suður á mótis við drög Sátudals á Sanddalsafrétti. Jörfamúli heitir svo frá því

Jörfakirkja átti hann sem afréttarland. Hann gengur nokkuð bratt niður í Jörfamúlasport og síðan Jörfamúlatá. Þar eru tóttir, líklega eftir sel, og sumir töldu að þar væru hinir týndu Þorleifsstaðir, enda fylgdi það sögninni að kotið hefði átt að vera í afrétti Jörfa. [...] Austan við Jörfamúlasporð skerst Slettidalur suðaustur í fjöllin upp undir Tröllakirkju. Hann var því að sunnanverðu hluti af Jörfaeign en að norðan afréttur kirkjunnar á Vatnshorni.

IV

Málsástæður stefnanda

Stefnandi byggir á því að eignarrétturinn sé friðhelgur og njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. sammingsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Halda stefnendur því fram að landið Jörfamúli geti ekki talist þjóðlenda enda sé það innan landamerkja jarðarinnar Jörfa í Haukadal.

Stefnandi byggir á því að landsvæðið sem hér er um deilt, Jörfamúli, eins og það er afmarkað í úrskurði óbyggðanefndar, hafi verið numið í öndverðu. Eignarréttur að landinu hafi ekki fallið niður og því sé landið í hennar eigu.

Af hálfu stefnanda er vísað til þess að í Landnámu sé að finna lýsingu á því hvernig land var numið á svæðinu. Auður djúpúðga hafi numið öll Dalalönd í innanverðum firðinum frá Dögurðará. Hún hafi síðan gefið Erpi Meldúnssyni, leysingja sínum, Sauðafellslönd. Dala-Kollur hafi numið allan Laxárdal til Haukadalsár og þá sé því lýst hverjir námu land í Hrútafirði. Byggir stefnandi á því að Landnáma hafi verið túlkuð þannig að hún styðji við beinan eignarrétt og vísar til dóma Hæstaréttar í þá veru. Þá hafi óbyggðanefnd komist að sömu niðurstöðu í fyrri úrskurðum sínum.

Óbyggðanefnd hafi í úrskurði sínum varðandi umþrætt svæði komist að þeirri niðurstöðu að staðhættir og fjarlægðir mæli ekki gegn því að landið hafi verið numið í öndverðu. Þó sé þar gerður fyrirvari vegna óvissu um aðferðir við landnám og stærð þess og því verði ekkert fullyrt um stærð landnámsins. Stefnendur telja að nefndin hafi gert of strangar kröfur um sönnun og telja að ágreiningssvæðið sé innan upphaflegs landnáms í Dalasýslu. Svæðið sé ekki hálent, allvel gróið og frekar einsleitt og því ekki efni til annars en að miða við að það hafi verið numið og ekki undanskilið beinu eignarnámi. Stefnendur benda á að land jarðar þeirra sé allt innan landnáms og á því hafi verið byggt alla tíð eins og ráða megi af þeim gögnum sem áður eru rakin. Jörðin og ágreiningssvæðið hafi verið í eigu kirkjunnar. Um þetta vísa stefnendur til máldaga Jörfa sem ná aftur til 1523 en þar segi að jörðin Jörfi eigi

hálfan Sléttárdal og allan Haukadal og tíu hundraða eign að gili því sem næst er Sauðafellsseli.

Af hálfu stefnanda er vísað til þess að innheimtir hafi verið tollar af landinu samkvæmt Jarðabók Árna og Páls sem bendir til þess að landið hafi verið háð beinum eignarrétti enda ekki hægt að krefjast tolla af notkun lands sem enginn á.

Stefnandi heldur því fram að óbyggðanefnd hafi ekki kannað gögn varðandi Þorleifsstaði nægilega vel en fyrir liggir að byggð hafi verið í Sléttadal enda sjái þar víða til rústa. Nefndin hafi því ekki fullnægt rannsóknarskyldu sinni hvað þetta varðar en byggð á svæðinu sýni að það var numið í öndverðu.

Að mati stefnanda stangast hugmyndir stefnda þess efnis að landið sé ekki háð beinum eignarrétti á við fornar heimildir um svæðið sem allar benda til þess að allt land í Dölum sé háð beinum eignarrétti. Telja þeir engu skipta þótt svæðinu hafi verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðar þeirra. Þessi lýsing svæðisins sé tilkomin vegna legu þess en ekki vegna þess að það hafi ekki verið undirorpið beinum eignarrétti. Þá hafi það ekki úrslitaáhrif að landið er kallað afrétt enda hafi eldri hugtakanotkun verið þannig að afréttir töldust eignarland. Engin ástæða sé til að ætla að beinn eignarréttur að svæðinu hafi fallið niður.

Stefnandir byggir einnig á því að það sé meginregla eignarréttar að jörð með þinglýstum landamerkjum sé eignarland og þeir sem haldi öðru fram beri fyrir því sönnunarbyrði. Land jarðarinnar Jörfa hafi frá landnámi verið háð beinum eignarrétti og þá fari landnámsheimildir í Dalabyggð ekki í bága við landamerkjabréf jarðarinnar. Þá vísar stefnandi til þess að landnám hafi verið samfellt á þessum slóðum sem skipti máli, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar varðandi Mýrdal.

Stefnandi vísar, máli sínu til stuðnings, til fyrirbyggjandi eignarheimilda um jörð hennar en þær teygi sig allt til ársins 1477 auk lýsinga í Landnámu. Bendir stefnandi í þessu sambandi á þinglýst afsöl, lögfestur og máldaga fyrir Jörfa sem og landamerkjaskrá fyrir jörðina frá 1884 sem þinglýst var í maí 1885. Bréf þetta fái m.a. stoð í lögfestu fyrir Jörfa frá 3. maí 1725 en þar sé landi jarðarinnar lýst með sama hætti og í landamerkjabréfinu.

Stefnandi bendir á að í Jarðabók Árna og Páls komi fram að hálfkirkjan eigi afréttarland frammi á fjallinu fyrir framan alla bæi ásamt því að fjalltollar skuli greiddir. Innheimta tolla bendi eindregið til þess að um eignarland sé að ræða enda ekki hægt að heimta slíka tolla af landi sem enginn á. Um þetta vísar stefnandi einnig

til máldaga kirkjunnar að Jörfa frá 1523 og síðar en þar komi fram að jörðin eigi hálfan Sléttadal og allan Haukadal. Um eignarhald kirkjunnar á Jörfa að hálfum Sléttadal megi einnig benda á máldaga kirkjunnar frá því um 1600, máldaga frá 7. apríl 1810 og greinargerð Orms Daðasonar frá 1744. Þá segi í lýsingu Skarðs í nefndri Jarðabók að í afréttinni, í parti sem tilheyrir Jörfa kirkju, hafi verið bær, kallaður Þorleifsstaðir.

Stefnandi vísar til þess að í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1977 komi fram að tóftir séu í Jörfamúla sem sumir telji vera Þorleifsstaði. Þá sé víða á ágreiningssvæðinu að finna rústir fornrar byggðar. Þetta bendi til þess að landið hafi verið numið og háð beinum eignarrétti. Hins vegar geri óbyggðanefnd strangar kröfur um sönnun þess að byggð hafi verið á svæðinu. Nefndin vísi til nefndrar árbókar, Jarðabókar Árna og Páls, sem greini frá munnmælum um byggð á svæðinu, og myndar sem stefnandi telur vera af rústum Þorleifsstaða. Nefndin telji hins vegar að þessi gögn dugi ekki til að því verði slegið föstu að byggð hafi verið á svæðinu enda liggi ekki fyrir forleifarannsóknir. Rústirnar geti allt eins verið af annars konar mannvirkjum en hýbýlum manna, svo sem seli, en heimildir geti bent til þess að á svæðinu hafi verið sel. Þá vísi nefndin til þess að ekkert liggi fyrir um afmörkun þess landsvæðis þar sem Þorleifsstaðir eiga að hafa staðið og ekkert liggi fyrir um hversu lengi kann að hafa verið búið þar.

Stefnandi telur að óbyggðanefnd hafi við mat sitt gert of strangar kröfur um sönnun. Það sé stefnda að sanna að mannvistarleifar séu ekki á svæðinu þegar fyrir liggja heimildir um gamalt býli. Auk þess hafi samkvæmt Grágás og Jónsbók verið óheimilt að gera sel í afréttum sem þá leiðir til þess að Þorleifsstaðabærinn gat ekki verið sel.

Stefnandi byggir á því að mikill fjöldi fornra jarðaskjala og eignarheimilda bendi ótvírætt til þess að allt land í Dalasýslu hafi frá landnámi verið háð beinum eignarrétti. Engir almenningar eða afréttir hafi verið á svæðinu og þá bendi búseta og nýting lands í Dölum til þess að landið hafi alla tíð verið nytjað og tilheyrt ákveðnum jörðum. Benda stefnendur á bréf frá skrifstofu Dalasýslu frá 1920 til Stjórnarráðs Íslands þar sem því er lýst að engir almenningar eða afréttarlönd séu í sýslunni sem ekki tilheyrðu ákveðnu lögbýli. Því bendi eignarheimildir sem fyrir liggja í málinu til þess að allt umþrætt land jarðarinnar Jörfa sé háð beinum eignarrétti.

Að mati stefnanda ræður það eitt, að landi hafi verið kallað afrétt, ekki úrslitum enda hafi afréttir samkvæmt eldri hugtakanotkun verið talin eignarlönd. Þá skipti

heldur ekki máli að ágreiningssvæðinu hafi verið sérstaklega lýst og það aðgreint frá heimalandi Stóra-Vatnshorns. Það hafi verið gert sökum þess að landið var landfræðilega aðskilið frá heimalandi jarðarinnar. Þessi aðgreining leiði ekki til þess að landið sé ekki háð beinum eignarrétti en út frá því hafi verið gengið í aldir. Af þessum sökum telja stefnendur að óbyggðanefnd hafi ranglega látið þessi atriði ráða úrslitum í niðurstöðu sinni.

Stefnandi telur einnig að óbyggðanefnd hafi ranglega litið svo á að landið hafi ekki verið numið. Telja þeir að allt land jarðar þeirra hafi verið innan landnáms og þrætusvæðið þar með talið og vísa til þess að fjöldi gagna segi að svæðið sé í eigu Jörfa líkt og annað land jarðarinnar. Að mati stefnanda renna staðhættir á svæðinu og gróðurfar stoðum undir kröfu hennar. Landsvæðið sé ekki mjög hálent og að stórum hluta vel gróið. Þá sé engin ástæða til að ætla að kröfusvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu.

Stefnandi vísar til þess að notkun svæðisins hafi ekki verið með þeim hætti að það geti talist almenningsafrétt og þá hafi almenningur ekki mátt nýta það án endurgjalda. Svæðið falli heldur ekki undir skilgreiningu lögbókanna fornu um afrétti, „það eru afréttir sem tveir eða fleiri eigu saman.“ Þvert á móti hafi svæðið, allt frá landnámi, verið nýtt af eigendum þess eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Ekkert bendi til þess að eignarréttur hafi á einhverjum tíma fallið niður enda bendi engar heimildir til þess. Þvert á móti bendi heimildir til þess að svæðið hafi ætíð fylgt Jörfa.

Stefnandi byggir á því að jörð með þinglýstum landamerkjum, sem styðjast við eldri eignarheimildir, sé eignarland. Þeir sem haldi öðru fram beri sönnunarbyrði fyrir því. Landamerkjabréfi Jörfa hafi verið þinglýst 1885 án athugasemda og það hafi síðan ráðið merkjum jarðarinnar og virt af öllum án ágreinings.

Stefnandi vísar til þess að með setningu landamerkjalaga árið 1882 og síðar 1919 hafi löggjafinn ætlast til þess að framkvæmdavaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá merkjum jarðeigna og þau skráð. Landamerkjabréf Jörfa bendi til þess að ágreiningssvæðið sé háð beinum eignarrétti. Landamerkjabréf jarðarinnar sé byggt á eldri heimildum, m.a. lögfestu Jörva frá 1725, og þá sé land jarðarinnar innan upphaflegs landnáms. Stefndi beri því sönnunarbyrði fyrir því að innan merkja jarðarinnar sé þjóðlenda. Þá hafi Hæstiréttur í mörgum dómum dæmt víðfeðm heimalönd jarða eignarlönd. Í máli þessu hafi verið lögð fram gögn sem styðja

eignartilkall stefnanda og að hans mati er úrskurður óbyggðanefndar rangur og hann brjóti því í bága við eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. sammingsviðauka nr. 1 í mannréttindasáttmála Evrópu.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að hún og forverar hennar hafi farið með og nýtt svæðið sem sína eign í aldir. Eignarréttur eigenda jarðarinnar hafi verið virtur af öðrum og þeir sem nýttu landið hafi greitt tolla og því ekki getað nýtt landið án endurgjalds en af því hafi verið innheimtir tollar. Þá hafi skattar og gjöld verið greidd af landinu. Þetta bendi eindregið til þess að svæðið hafi verið háð beinum eignarrétti en af þeim sökum byggi hún einnig á viðskiptavenju.

Stefnandi heldur því einnig fram að venjuréttur og hefðarreglur leiði til þeirrar niðurstöðu að landsvæðið sé eign í skilningi áðurnefndrar 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu, en fullur hefðartími sé liðinn frá því að hún og forverar hennar tóku að nýta landið. Öll afnot og nýttar landsins séu háð leyfi og enginn hafi notað landið á nokkurn hátt nema eigendur þess. Þá heldur stefnandi því fram að sjónarmiði óbyggðanefndar þess efnis að flokka hefð, með lögum, sem frumstofnun eignarréttar hafi ekki verið breytt af Hæstarétti Íslands.

Af hálfu stefnanda er því einnig haldið fram að þar sem hefðarlög heimili eignarhefð lands, sem er í opinberri eigu, hljóti að vera unnt að hefða land sem ekki er háð eignarrétti. Í þessu sambandi vísar hún m.a. til dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr. 1997:2792 og 1939:28 svo og til máls Helgu klaustranna gegn Grikklandi sem dæmt var af mannréttindadómstóli Evrópu 9. desember 1994. Í þeim dómi komi fram markverð sjónarmið varðandi afstöðu dómstólsins til sönnunar á eignarhaldi á landsvæði. Fræðimenn hafi talið að eignarhefð yrði unnin á landi, hvort heldur um væri að ræða afrétt eða almenning, ef skilyrðum hefðar er á annað borð fullnægt en þá verði að gera strangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði er að tefla. Þá verði að slaka á kröfum til eignarhalds eftir því sem verðmæti og aðstæður allar gefa minna tilefni til víðtækra umráða og fjölbreyttra nota.

Stefnandi heldur því fram að við mat á því hvort hið umþrætta landsvæði sé eign eða háð eignarrétti þeirra í skilningi 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu verði að horfa til þeirra sjónarmiða sem Mannréttindadómstóllinn hefur lagt til grundvallar við úrlausn á þessu álitafni. Horfa verði til þess að dómstóllinn hafi túlkað hugtakið eign í skilningi 1. gr. sammingsviðauka nr. 1 á þá leið að það hafi sjálfstæða merkingu. Með þessu sé átt við

að við mat á því hvort um eign sé að ræða sem njóti verndar 1. gr. þurfi að kanna hvort svo sé að landsrétti. Skortur á slíkri vernd að landsrétti ráði hins vegar ekki alltaf úrslitum um það hvort um eign sé að ræða í skilningi greinarinnar. Dómstóllinn meti atvik í hverju máli og hann hafi áréttað að við matið beri að líta til allra atvika máls. Dómstóllinn hafi bæði litið til staðreynda og lagalegra atriða. Í ákveðnum málum hafi ráðið úrslitum hvernig farið hafi verið með viðkomandi eign í raun, sérstaklega í lögskiptum og hvaða traust menn báru til þeirra. Jafnframt hafi framkoma handhafa ríkisvaldsins í garð eigenda einnig skipt máli. Væntingar sem eigendur hafi haft í ljósi framkomu ríkisvaldsins hafi skipt máli og því megi ráða að afskipti og afskiptaleysi ríkisvaldsins skipti máli við sönnunarmat. Hvað þetta varðar vísa stefnendur sérstaklega til dóms Mannréttindadómstólsins í máli Papamichaloppulos gegn Grikklandi og fleiri dóma.

Stefnandi reisir kröfur sínar einnig á þeim sjónarmiðum sem Mannréttindadómstóllinn hefur lagt til grundvallar um lögmætar væntingar. Dómstóllinn hafi talið að væntingar einstaklinga og lögaðila til að njóta eigna sinna séu verndaðar af títtnefndum sammingsviðauka ef þær eru byggðar á sanngjörnu og réttlætunlegu trausti á réttargerningi sem tengdur er við eignarréttindi og hefur áreiðanlegan lagagrundvöll. Loks telja stefnendur að ef kröfur þeirra verða ekki teknar til greina sé verið að mismuna eigendum jarða með því að gera aðrar kröfur til þeirra um sönnun en annarra landeigenda hér á landi. Slík íþyngjandi sönnunarbyrði jafngildi bótalausri sviptingu eignarréttar.

Stefnandi gerir í málatilbúnaði sínum athugasemdir við úrskurð óbyggðanefndar. Hún telur að tilgangur laga nr. 58/1998 hafi fyrst og fremst verið sá að gera stefnda að þinglýstum eiganda þeirra landsvæða sem enginn hefur skjöl fyrir að hann eigi, en svo hátti til um hluta afrétta og jökla á miðhálandinu. Það sé í verkahring óbyggðanefndar að finna þessi eigendalaus svæði. Land Jörfa sé hins vegar ekki eigendalaus og því ekki þjóðlenda. Í 1. gr. laga nr. 58/1998 komi fram að þjóðlendur séu utan eignarlanda. Eignarland sé síðan skilgreint sem „landssvæði sem háð er einkaeignarrétti þannig að eigandinn fer með öll venjuleg eignarráð þess.“ Stefnandi byggir á því að svo sé með allt það land sem hún hefur þinglýstar eignarheimildir fyrir. Innan þinglýstra landamerkjanna landareigna fari landeigendur einir með öll eignarráð og því verði að leggja á stefnda sönnunarbyrði fyrir því að innan svæðisins sé þjóðlendu að finna.

Að mati stefnanda er óumdeilt að þrætusvæðið er innan upphaflegs landnáms og því eðlilegt að gera kröfu um að stefndi sanni að beinn eignarréttur að landinu hafi fallið niður. Krafa um slíka sönnun sé eðlileg með tilliti til þess að þau hafa þinglýst landamerkjabréf fyrir landinu auk þess sem þau hafi lagt fram margvísleg gögn sem sýni að á svæðinu hafi beinn eignarréttur verið virtur af öðrum. Það sé því óhófleg sönnunarbyrði sem óbyggðanefnd hafi lagt á stefnanda með því að krefjast sannana um framsal landsins allt frá landnámi. Slík krafa standist ekki eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar né mannréttindasáttmála Evrópu.

Stefnandi heldur því fram að óbyggðanefnd hafi aðallega reist niðurstöðu sína á því að ósannað væri að byggð hafi verið á svæðinu, það sé óvíst að svæði hafi verið numið þó að líkur séu á því og að svæðið hafi verið notað sem afréttarland og til þess vísað sem slíks. Stefnandi byggir á því að þessar forsendur nefndarinnar séu að miklu leyti í andstöðu við elstu heimildir. Því sé gerð meiri og þyngri sönnunarkrafa í þessu máli en almennt hefur tíðkast um landnámsjarðir. Hér séu elstu heimildir frá 14. öld og almennt sé erfitt að rekja eignarrétt lengra aftur en það og í raun hafi verið talið nægja að unnt sé að rekja eignarrétt jarða aftur um þrjú til fjögur hundruð ár. Raunar hafi enginn efast um eignarhald á svæðinu fyrir en stefndi gerði það fyrir óbyggðanefnd.

Landamerkjabréf hafi verið gert fyrir Jörfa í samræmi við gildandi lög og á því byggt í tæp hundruð ár. Land sem tilheyri jörð sé eignarland og það breytist ekki við það eitt að það sé lagt til afréttar. Stefnandi kveðst því hafa haft lögmætar væntingar til þess að landið sé eignarland. Auk alls þessa hafi stefndi látið ógert þar til nú að vefengja réttmæti eignarheimilda hennar.

Stefnandi vísar til þess að í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar sé komist að þeirri niðurstöðu að eignarréttarlegt inntak hugtaksins afréttur hafi ekki mikið sjálftætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi. Hugtakið afrétt hafi haft margræða merkingu í lögum fyrir og síðar enda geti afréttarlönd verið eignarlönd líkt og fram komi í fjölda dóma.

Að mati stefnanda horfi óbyggðanefnd ranglega framhjá því að sambærileg lönd sem liggja samsíða ágreiningssvæðinu eru eignarlönd. Jörfaafréttur eigi að falla í sama flokk enda sambærilegur að gæðum og uppruna og eignarréttur að því svæði með sambærilegum hætti.

Með vísan til allra þeirra málsástæðna sem að framan eru raktar telur stefnandi að óbyggðanefnd hafi lagt rangt mat á sönnunargögn málsins og um leið lagt of stranga sönnunarbyrði á hana. Því beri að fella úrskurð nefndarinnar úr gildi.

Auk alls þessa sem að framan er rakið byggir stefnandi á því að úrskurður óbyggðanefndar sé ekki nægilega rökstuddur og af þeim sökum fari hann í bága við 22. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, sbr. 16. gr. laga nr. 58/1998. Í úrskurðinum sé engum stoðum rennt undir það hvers vegna Jörfamúli sé eigendalaust svæði sem menn eiga að hafa kastað eign sinni á síðar. Telja stefnendur að þeir hafi orðið fyrir mismunun sem bann er lagt við í 14. gr. mannréttindasáttmálans.

Stefnandi vísar enn til þess sem áður er rakið að beinn eignarréttur að jörð teljist sannaður með framvísun þinglesinnar eignarheimildar, sem styðst við eldri eignarheimildir. Frá þessari reglu verði ekki vikið nema sá sem vefengir réttmæti heimildarinnar sanni betri rétt sinn eða að heimildin sé haldin slíkum göllum að hún verði ekki lögð til grundvallar í dómsmáli varðandi eignarréttinn. Svo sé málum ekki háttáð hér. Óbyggðanefnd geri aðrar og ríkari kröfur til stefnanda máls þessa til sönnunar á eignarrétti að landi sínu en gert er varðandi aðrar fasteignir almennt. Sönnunarkrafa óbyggðanefndar sé óljós, ógagnsæ, ófyrirsjáanleg og tilviljunarkennd og bitni á stefnanda og þeim eigendum landa sem stefndi gerir tilkall til á grundvelli þjóðlendulaga en ekki öðrum eigendum fasteigna í landinu. Hér verði að horfa til þess að í texta þjóðlendulaga eða undirbúningsgögnum sem þeim fylgdu er ekkert sem bendir til þess að það hafi verið markmið löggjafans eða vilji að þeir landeigendur sem höfðu þinglýstar eignarheimildir fyrir löndum sínum yrðu sviptir þeim eignum sínum. Hvorki huglæg né hlutlæg túlkun laganna leiði til slíkrar niðurstöðu. Stefnendur vísa til þess að Hæstiréttur hafi orðað þá reglu, að mannréttindi sem verndar njóta verði ekki skert nema fyrir því sé skýr regla í settum lögum og að reglan samræmist ákvæðum stjórnarskrár. Slík ákvæði sé ekki að finna í þjóðlendulögum.

Að mati stefnanda braut málsmeðferð óbyggðanefndar gegn 6. gr. mannréttindasáttmálans um rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir stjórnvöldum og dómi. Í þessu tilfalli sé stefnanda gert að uppfylla þunga sönnunarbyrði og nánast útilokað er að hún geti axlað þá byrði. Um leið er útilokað að hún fái mannréttindi sín viðurkennd gagnvart ríkisvaldinu. Stefnanda sé einfaldlega ómögulegt að sanna frekar en hún hafi þegar gert stofnun og framsal eignarréttar að þrætusvæðinu og um leið er ómögulegt að hún njóti réttlátrar málsmeðferðar fyrir stjórnvöldum. Af nefndri 6. gr.

og skilyrði um réttláta málsmeðferð megi ráða að úrskurðaraðilum er skylt að rökstyðja niðurstöður sínar. Krafa um rökstuðning er m.a. til að sýna aðilum fram á að röksemdum þeirra hafi verið veitt athygli, gefa aðilum kost á úrlausn æðri dómstóls. Stefnandi telur að óbyggðanefnd hafi ekki í úrlausn sinni horft til sjónarmiða hennar sem reist voru á eignarréttarákvæði mannréttindasáttmálans. Þrátt fyrir að hún hafi ítrekað gert grein fyrir þessum málsástæðum sínum víki óbyggðanefnd ekki einu orði að þeim í niðurstöðu sinni.

V

Málsástæður stefnda

Stefndi mótmælir öllum málsástæðum stefnanda og byggir á því að allt umþrætt landsvæði sé utan eignarlanda og því þjóðlenda í skilningi 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Stefndi telur ljóst að heimildir um svæðið bendi eindregið til þess að það hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti. Það sé stefnanda að sanna stofnun og tilvist beins eignarréttar að svæðinu og að mati stefnda hefur sú sönnun ekki tekist.

Stefndi vísar til þess að úrskurður óbyggðanefndar sé byggður á umfangsmikilli upplýsingaöflun og rannsóknum nefndarinnar, kerfisbundinni leit að gögnum og skýrslum sem gefnar voru fyrir nefndinni. Óbyggðanefnd hafi síðan talið ótvírætt að við gildistöku laga nr. 58/1998 hafi svæðið haft stöðu afréttar samkvæmt eignarréttarlegri flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku laganna. Nefndin hafi talið að ekki hafi verið sýnt fram á að Jörfaafréttur væri eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga eða með öðrum hætti. Því hafi niðurstaða nefndarinnar orðið sú að landsvæðið væri þjóðlenda en í afréttareign stefnanda. Stefndi gerir forsendur og niðurstöðu óbyggðanefndar að málsástæðum sínum auk þeirra málsástæðna sem fram eru færðar hér fyrir dómi og fyrir óbyggðanefnd meðan málið var þar til meðferðar.

Að mati stefnda verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar af Landnámu um landnám á svæðinu og því ósannað að það hafi verið numið í öndverðu. Stefndi vísar til úrskurðar óbyggðanefndar en þar komi fram að staðhættir og fjarlægðir mæli því ekki í mót að svæðið hafi verið numið en því sé ekki lýst hversu langt inn til dala og hátt til fjalla landnám náði. Óvissa um landnámsaðferðir og umfang þess hverju sinni leiði til þess að ekki verði fullyrt með afdráttarlausum hætti um stærð landnámsins.

Stefndi bendir á að landnám skeri ekki afdráttarlaust úr um tilvist beins eignarréttar. Þrátt fyrir að umþrætt landsvæði kunni að hafa verið innan landnáms þá liggi ekkert fyrir um afmörkun eða yfurfærslu beinna eignarréttinda sem kunni að hafa stofnast við landnámið. Slíkur beinn eignarréttur, hafi hann stofnast, hafi fallið niður og landsvæðið í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í þessu sambandi vísar stefndi til þess að Hæstiréttur hafi í dómum sínum lagt til grundvallar að landnám í öndverðu hafi ekki verið bundið við það að beinn eignarréttur hafi stofnast, heldur hafi land einnig verið numið til afnota, þannig að óbein eignarréttindi stofnuðust í öndverðu.

Varðandi ritaðar heimildir um svæðið, sem eru ítarlega raktar í úrskurði óbyggðanefndar, vísar stefndi til þess sem þar er rakið. Stefndi bendir sérstaklega á að allt frá elstu heimildum er svæðisins getið sem afréttarsvæðis sem bendir til þess að svæðið hafi haft aðra eignarréttarlega stöðu en jörð stefnenda. Vísar stefndi í dæmaskyni til kaupbréfs frá 1477, „Jörfadóms“ frá 27. apríl 1518, máldaga kirkjunnar að Jörfa frá 1523 og 1600, kaupbréfs frá 1541, auk dóma um skylduupprekstur á þrætusvæðið en elsti dómurinn er frá 1644.

Stefndi byggir á því að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 komi m.a. fram í umfjöllun um Jörfa, að „Hálfkirkjan á afrjettarland þar fram á fjallinu, fyrir framan alla bæi, er það skyldu upprekstur fyrir lömb úr Haukadal og mikinn part úr Miðdölum [...] Í þessum afrjett eiga fleiri ítök, og skiftast fjallatollar milli eigenda eftir proportion.“ Einnig sé í bókinni fjallað um afréttarsvæðið Stóra-Vatnshornsmúla sem liggur að Jörfaafrétt að austanverðu. Þar segi m.a. að kirkjan eigi þar afréttarland á fjallinu fyrir framan bæina í dalnum og þangað sé skylduupprekstur og goldnir fjallatollar „ut supra um Jörfa hálfkirkju ítak“. Að mati stefnda bendir umfjöllun nefndrar bókar um jarðir í Haukadal til þess að Jörfaafréttur hafi, ásamt landsvæðum sem jörðin Skarð og kirkjan að Stóra-Vatnshorni kölluðu til réttinda á, verið hluti af sameiginlegu afréttarsvæði sem skylt var að reka fé á og gjalda tolla fyrir.

Stefndi bendir á umfjöllun óbyggðanefndar um efnislegt gildi ritaðra heimilda sem eru af ólíkum toga, s.s. vísitasíur kirkjunnar, máldagar, dómar um upprekstur, afréttasamþykktir og reglugerðir, sýslu- og sóknarlýsingar, jarðamöt o.fl. Allar þessar heimildir vísi til þrætusvæðisins sem afréttarsvæðis sem ekki hafi verið undirorpið beinum eignarrétti.

Stefndi byggir á að landamerkjabréf hafi verið gert fyrir jörðina Jörfa 1885. Auk lýsingar á jörðinni kom fram í bréfinu sjálfstæð lýsing á „landeign“ Jörfa sem sé Haukadalur frá Þorleifsstaðagili og síðan með nánari merkjum sem þar er lýst. Landamerkjabréfið sé eina heildstæða lýsing á merkjum Jörfafréttar. Tekur stefndi undir með óbyggðanefnd sem í úrskurði sínum sagði að þótt landamerkjabréf Jörfa geti um þetta svæði sem „landeign“ þá breyti það ekki því að fjöldi ritaðra heimilda bendi eindregið til þess að Jörfafréttur hafi ekki verið hluti af jörðinni Jörfa eða eignarlandi hennar heldur hafi eigendur jarðarinnar átt þar afréttareign. Auk þess skipti máli að afréttin sem er landfræðilega aðskilin frá Jörfa virðist hafa haft sjálfstæða afmörkun sem afrétt.

Stefndi vísar til þess að Hæstiréttur hafi í fjölmörgum dómum sínum í þjóðlendumálum dæmt að menn hafi ekki einhliða getað aukið land sitt eða annan rétt með gerð landamerkjabréfa. Þá bendir stefndi á að samkvæmt 1. gr. landamerkjalaga nr. 5/1882 hafi verið skylt að gera merkjalýsingar og viðhalda glöggum landamerkjum og sú skylda hafi náð til afrétta og annarra óbyggðra lenda að því marki sem við var komið.

Stefndi hafnar því að stefnandi geti byggt rétt sinn til svæðisins á hefð, venju eða réttmætum væntingum. Stefnandi og forverar hennar hafi ekki getað hefðað eignarrétt að landinu þar sem skilyrði eignarhefðar séu ekki uppfyllt þegar horft er til nýtingar landsins, staðháttu, gróðurfars og eldri heimilda. Ekkert liggja fyrir sem bendi til þess að umráðum svæðisins hafi nokkru sinni verið háttað með þeim hætti að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Ekki sé um það deilt að svæðið hafi einungis verið notað með takmörkuðum hætti, svo sem til sumarbeitar fyrir sauðfé. Hefðbundin afréttarnot, eða önnur takmörkuð nýting lands, geti ekki stofnað til beins eignarréttar yfir landi. Hæstiréttur hafi leyst úr þessu álitaefni í dómum sínum. Jafnframt vísar stefndi til umfjöllunar óbyggðanefndar um þetta atriði. Þá ítrekar stefndi að þinglýsing heimildarskjals fyrir landsvæði feli ekki í sér sönnun beins eignarréttar sem er í samræmi við meginreglu eignarréttarins að menn geti ekki með eignayfirfærslugerningi öðlast betri rétt en seljandi átti.

Stefndi byggir á því að gögn málsins bendi til þess að Jörfafrétt hafi aldrei verið háð beinum eignarrétti og því þjóðlenda. Því beri að staðfesta úrskurð

óbyggðanefndar enda hafi ekkert komið fram í málatilbúnaði stefnanda sem gefi tilefni til annars.

VI

Niðurstaða

Í máli þessu krefst stefnandi þess að úrskurður óbyggðanefndar varðandi landsvæði það sem kallað hefur verið Jörfaafrétt eða Jörfamúli verði felldur úr gildi og krefst hún þess að viðurkenndur verði beinn eignarréttur hennar að svæðinu.

Í úrskurði óbyggðanefndar er ítarlega farið yfir mörk ágreiningssvæðisins og komst nefndin að þeirri niðurstöðu að fyrirliggjandi heimildir bendi til þess að ágreiningssvæðið sé að öllu leyti innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfi Jörfa frá 1884. Aðilar málsins gera ekki athugasemdir við afmörkun svæðisins og verður við hana miðað.

Landsvæðið sem hér er um deilt liggur að mestu leyti í 200 m hæð yfir sjávarmáli og rís hæst í um 680 m í Krossbrún á vesturmörkum þess. Sá hluti svæðisins sem lægst liggur er nokkuð vel gróinn en gróður minnkar eftir því sem ofar dregur. Jörð stefnanda, Jörfi, er sunnanmegin í miðjum Haukadál og er óumdeilt að jörðin er aðskilin frá ágreiningssvæðinu af landi annarra jarða. Frá bæjarstæði jarðarinnar að Þorleifsstaðagili, á norðurmörkum ágreiningssvæðisins, eru um 8,5 km í beinni loftlínu en um 12 km eru frá bæjarstæðinu að Sátugili á suðurmörkum ágreiningssvæðisins.

Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 48/2004 er tekið fram að sú regla gildi að sá sem telur til eignarréttinda yfir landi verði að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu sé það dregið í efa. Hins vegar verði að meta í hverju tilfelli fyrir sig hversu ríkar kröfur verði gerðar til heimilda fyrir eignartilkallinu og hvernig þær heimildir verði túlkaðar. Þá hljóti mat á sönnunargildi mismunandi tegunda heimilda um mörk landsvæðis og inntak eignarréttinda yfir því og túlkun einstakra heimildarskjala að taka mið af dómaframkvæmd um sambærileg tilvik.

Hæstiréttur hefur í dómum sínum í þjóðlendumálum, t.d. í máli nr. 247/1994, talið að skýrar frásagnir í Landnámu um landnám einstakra svæða og umfang þeirra hafi sönnunargildi við mat á því hvort beinn eignarréttur hafi stofnast yfir viðkomandi svæði í öndverðu. Óskýr lýsing í Landnámu hefur aftur á móti verið talin mæla gegn því að land hafi verið numið. Af Landnámu verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla landnám á þessu svæði náði og verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar af

frásögnum sem þar er að finna. Þegar horft er til staðháttá, fjarlægða frá sjó og aðliggjandi jarða verður þó að telja líklegra en hitt að svæðið hafi verið numið, a.m.k. að hluta.

Líkt og endranær verður við mat á eignarréttarlegri stöðu svæðisins að skoða hvernig það birtist í sögulegum heimildum. Almennt skiptir miklu máli hvort landsvæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þar skiptir miklu hvort landamerkjabréf hafi verið gert fyrir svæðið en slík bréf hafa bæði verið gerð fyrir einstakar jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti. Þá kann að vera að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Slík einhliða skjöl hafa þó takmarkað sönnunargildi, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 67/2006, en geta haft þýðingu einkum ef þau eru í samræmi við önnur fyrirliggjandi gögn.

Að framan er ítarlega vikið að heimildum sem varðveist hafa um þrætusvæðið. Þar er gerð grein fyrir vísitasíum, máldögum og fleiri heimildum sem lýsa því að kirkjan að Jörfa eigi hálfan Sléttadal og Haukadal allan að gili því sem sé næst Sauðafellsseli. Eldri heimildir eiga það sammerkt að merkjum er ekki lýst nánar. Landamerkjabréf fyrir Jörfa, dagsett 12. maí 1884 og þinglýst 27. maí 1885, er elsta heimildin sem hefur að geyma heildstæða lýsingu á merkjum ágreiningssvæðisins. Svæðinu er þar lýst sérstaklega og aðskildu frá óumdeildum eignarlöndum jarðarinnar. Um fjarlægð svæðisins frá bæjarstæði Jörfa vísast til þess sem áður er rakið.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að búseta hafi verið á ágreiningssvæðinu. Heimildir um byggð á Þorleifsstöðum innan ágreiningssvæðisins, sem m.a. er lýst í Jarðabók Árna og Páls, eru byggðar á munnmælum en þegar bókin var rituð sáust engin ummerki um Þorleifsstaði og ekkert með vissu vitað um þann bæ. Hins vegar er ljóst að svæðið hefur um aldir verið notað til sumarþátta fyrir búfénað og hugsanlega önnur takmörkuð not allt eftir búskaparháttum á hverjum tíma. Þá liggur fyrir að lengi, a.m.k. frá 1644, var skylduupprekstur á svæðið og þeir sem þangað ráku fé sitt þurftu að gjalda toll fyrir. Einnig liggur fyrir að að svæðinu liggja bæði eignarlönd og þjóðlendur. Sunnan svæðisins er þjóðlenda, Sauðafellsafreitt. Austan svæðisins er Stóra-Vatnshornsmúli sem óbyggðanefnd telur vera þjóðlendu en ágreiningur um þá niðurstöðu nefndarinnar er til úrlausnar í öðru máli sem rekið er

hér fyrir dómi. Norðan svæðisins er óumdeilt eignarland jarðarinnar Kross og að vestan er óumdeilt eignarland jarðarinnar Villingadals.

Stefnendur töldu atvik hér samærileg ágreiningi sem leyst var úr með dómi Hæstaréttar í máli nr. 41/2020. Þar taldi rétturinn miklu skipta að ágreiningssvæðið sem þar var til úrlausnar, Þóreyjartungur, var um flest líkt tveimur öðrum svæðum, Lundartungu og Oddstaðatungu, sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað eignarlönd. Rétturinn komst síðan að þeirri niðurstöðu að ekki væru efni til annars en að Þóreyjartungur hefðu sömu eignarréttarlegu stöðu og dæmdu þær eignarland. Hér háttar svo til að ágreiningssvæðið er að hluta ólíkt aðliggjandi svæðum sem talin hafa verið eignarlönd og þá skiptir sem fyrr miklu máli hvað ráða má af heimildum sem getið hafa svæðisins. Heimildir um ágreiningssvæðið sem hér er til umfjöllunar eru um margt ólíkar heimildum um Þóreyjartungur og hinar tungurnar tvær, t.d. um það hve lengi litið hefur verið á svæðið sem afrétt. Verður ekki fallist á með stefnanda að Jörfaafrétt sé svo lík aðliggjandi eignarlöndum að það eitt ráði úrslitum í máli þessu.

Fyrir liggur að allt frá elstu heimildum er svæðisins getið sem afréttar, sbr. kaupbréf fyrir Jörfa frá 1477 og dóm sex presta frá 1518. Réttindi að Sléttadal komust í eigu Jörfakirkju eigi síðar en 1523 líkt og ráða má af máldögum kirkjunnar frá því ári og síðar en þar kemur fram að kirkjan eigi hálfan dalinn og allan Haukadal. Afmörkun svæðisins eða inntaki réttinda á því er hins vegar ekki lýst nánar en þetta. Í nefndum dómi sex presta er Haukadals getið sem afréttar og í ljósi þess að sá dómur gengur fimm árum áður en máldaginn frá 1523 er gerður er ekki ástæða til annars en að ætla að Sléttidalur hafi sömu eignarréttarlegu stöðu og Haukadalur. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1703 er ágreiningssvæðinu lýst sem afréttarlandi. Þar segir: „Hálfkirkjan á afrjettarland þar fram á fjallinu, fyrir framan alla bæi, en þar er skylduupprekstur fyrir lömb úr Haukadal og mikinn part úr Miðdölum. [...] Í þessum afrjett eiga fleiri ítök, og skiftast fjallatollar milli eigenda eftir proportion.“ Ekkert bendir til annars en að á þessum tíma og fyrr, sbr. t.d. nefndan dóm frá 18. maí 1644, hafi ágreiningssvæðið verið nýtt sem afrétt fyrir jarðir í Haukadal og Miðdölum. Fjöldi heimilda er til um deilur um upprekstur á afréttina og skyldu bænda til að greiða toll fyrir afnot af henni. Það sem vitnað er til í Jarðabók Árna og Páls svo og aðrar heimildir bendir til þess að svæðið hafi ásamt landsvæðum annarra jarða verið hluti af sameiginlegri afrétt.

Heimildir um svæðið lýsa því að það hafi verið nýtt til beitar og annarra þrengri nota. Heimildir, aðrar en munnmæli um forna byggð að Þorleifsstöðum benda ekki til þess að búseta hafi verið á svæðinu. Óumdeilt er að svæðið er aðskilið frá heimalandi Jörfa og hefur þannig verið afmarkað sérstaklega og engar heimildir eru til um að það hafi verið hluti af annarri jörð eða jörðum. Þá verður, eins og áður er getið, ekki ráðið af Landnámu hvort landið var numið. Hæstiréttur hefur í fjölda dóma sagt að þessi atriði skipti miklu máli við ákvörðun eignarréttarlegrar stöðu svæða. Þannig skipti máli hvort um svæði hafi verið fjallað sem afrétt, hvort til sé landamerkjabréf fyrir svæðið sem stoð fái í eldri heimildum, en menn hafi ekki getað aukið við eignarlönd sín með því einu að gera landamerkjabréf. Þá skipti máli hvort svæði er aðliggjandi heimajörðinni. Síðan kunni sú staða að vera uppi að land hafi verið numið í öndverðu en ekkert liggi fyrir um afmörkun eða yfirlæslu þeirra beinu eignarréttinda sem upphaflega var stofnað til. Því kunni beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra.

Stefnandi reisir kröfu sína einnig á hefð. Hæstiréttur hefur ítrekað dæmt, sbr. t.d. dóm réttarins í máli nr. 379/2009, að hefðbundin afréttarnot ein og sér nægi ekki til að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða svæðum utan landamerkja jarða. Hér liggur ekkert fyrir um að umráðum landsins hafi verið háttáð þannig, eftir gildistöku hefðarlaga nr. 46/1905, að þau uppfylli skilyrði 2. gr. laganna. Þá verður ekki séð að skilyrði sem fram koma í 12. gr. laganna séu uppfyllt enda svæðið nýtt sem afrétt í aldir.

Af hálfu stefnanda var á því byggt að rökstuðningur óbyggðanefndar fyrir niðurstöðu sinni væri ekki nægilega rökum studdur. Að mati dómsins er úrskurður nefndarinnar ítarlegur og niðurstaðan sem þar er fengin vel rökum studd. Gengur úrskurðurinn því ekki gegn ákvæðum 22. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, sbr. 16. gr. laga nr. 58/1998.

Að mati dómsins er unnt að taka undir með stefnanda að sönnunarkröfur í þjóðlendumálum séu frekar strangar. Hæstiréttur hefur með dómum sínum á liðnum árum tekið afstöðu til þess hvert sé sönnunargildi ýmissa eldri heimilda. Að gættum þeim leiðbeiningum sem finna má í dómum Hæstaréttar verður ekki séð að þyngri sönnunarbyrði sé lögð á stefnanda þessa máls en almennt hefur verið gert í málum af þessu tagi og um leið ekki svo óhófleg að hún standist hvorki eignarréttarákvæði stjórnarskrár né mannréttindasáttmála Evrópu.

Að öllu þessu virtu er það niðurstaða dómsins að stefnanda hafi ekki tekist að sanna beinan eignarrétt sinn að Jörfaafrétt og ber því að sýkna stefnda af kröfum hennar.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður. Stefnandi nýtur gjafsóknar og greiðist allur gjafsóknarkostnaður hennar, þar með talin málflutningsþóknun Ólafs Björnssonar, lögmanns hennar, 2.200.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, úr ríkissjóði. Við ákvörðun þóknunar lögmannsins hefur verið tekið tillit til þess að hann flutti samhliða máli þessu annað mjög sambærilegt mál.

Andri Andrason lögmaður flutti málið fyrir stefnda.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda, Mörtu Þorsteinsdóttur.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun Ólafs Björnssonar lögmanns, 2.200.000 krónur.

Halldór Halldórsson